

111

26. ágúst

48. gr.
Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.

49. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Ísa-fjarðarsýslu nr. 102 31. ágúst 1937, svo og auglýsing nr. 102 6. júní 1947 og auglýsing nr. 100 26. maí 1950, hvort tveggja um breytingu á fjallskilareglugerðinni.

Fjallskilareglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

112

2. júlí

REGLUR

um útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr Þjóðskránni.

1. gr.

Þjóðskráin skal veita opinberum aðilum hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem er að finna í skráum hennar og gögnum, enda þurfi þeir upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðrar starfsemi. Þjóðskráin innir slíka þjónustu af hendi endurgjaldslaus. Sé um að ræða meiri háttar verk, getur hún þó krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði kostnað við það.

2. gr.

Þjóðskráin veitir hverjum héraendum manni, er þess óskar, vottorð um aðsetur hans og það annað, sem um hann er skráð, gegn greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá eða eftir sérstöku samkomulagi, sbr. 6. gr. Þó skal Þjóðskráin ekki láta í té vottorð um fæðingartíma manna og önnur atriði, sem er í verkahring presta að votta samkvæmt embættisbókum, nema fyrir liggja samþykki hlutaðeigandi prests.

3. gr.

Þjóðskráin veitir, gegn greiðslu, hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna samkvæmt skráum og öðrum gögnum, sem hún hefur yfir að ráða. Þó getur Þjóðskráin orðið við tilmælum manns um, að tilteknum einkaaðilum sé ekki veitt vitneskja um aðsetur hans, ef hann hefur, að dómi Þjóðskrárinnar, réttmæta og eðlilega ástæðu til að aðsetri hans sé haldið leyndu gagnvart þeim. Ákvörðun um að leyndu aðsetri á þennan hátt gildir aðeins fyrir eitt ár í senn.

Það fer eftir mati Þjóðskrárinnar hverju sinni, hvort látnar eru í té aðrar upplýsingar en þær, er um ræðir í 1. málsg., eða hvort synjað er um þær. Heimilt er að setja það skilyrði fyrir veitingu slíkra upplýsinga, að fyrirspyrjandi upplýsi nafn sitt og aðsetur.

4. gr.

Þjóðskráin getur krafizt þess, að beiðnir um upplýsingar séu skriflegar og þannig frá þeim gengið að öðru leyti, að vel henti til uppsláttar í skráum.

Upplýsingar frá Þjóðskránni eru munnlegar eða skriflegar eftir ósk hlutað- **112**
eiganda. 2. júlí

Gjald fyrir upplýsingar greiðist fyrirfram um leið og fyrirspurnir eru fram bornar, og það skal innt af hendi fyrir hvern mann, sem um er spurt, hvort sem Þjóðskráin getur veitt fullnægjandi upplýsingar um hann eða ekki. Þó má víkja frá þessu, þegar spurt er um einn mann eða fáa.

5. gr.

Gjöld fyrir útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr Þjóðskránni skulu vera sem hér segir:

	Venjulegur einfaldur uppsláttur	Tvöfaldur uppsláttur
1. Vottorð um aðsetur fyrirspyrjanda sjálfs eða um eitthvað annað um hann skráð	kr. 6.00	kr. 9.00
2. Sams konar vottorð, sem krefst sérstakrar athugunar og er þar af leiðandi að jafnaði í bréfsformi	— 10.00—20.00	eftir atvikum
3. Almennar fyrirspurnir færri en 25 í einu	— 4.00	kr. 7.00
4. Fyrirspurnir á fyrirspurnarheftiseðlum	— 3.00	— 4.50
5. Fyrirspurnir 25—50 að tölu	— 3.00	— 4.50
6. Fyrirspurnir 51 og þar yfir:		
Fyrstu 50 fyrirspurnir	— 2.50	— 4.00
Fyrirspurnir fram yfir 100	— 2.00	— 3.00
7. Upplýsingar veittar ættfræðingum og öðrum fræðimönnum	— 5.00 fyrir 5 mínútna vinnu eða minna og kr. 3.00 fyrir hverjar 5 mínútur eða brot þar fram yfir.	

6. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í 5. gr., eru miðuð við algengar tegundir fyrirspurna, en sé um að ræða viðtækari og vinnufrekari verkefni, tekur Þjóðskráin herra gjald, sem um er samið við fyrirspyrjanda hverju sinni.

7. gr.

Fyrirspyrjendur verða að sæta óhjákvæmilegum tögum á afgreiðslu fyrirspurna á þeim tíma árs, er annir eru mestar hjá Þjóðskránni, og á þetta jafnt við opinbera aðila sem um alla aðra fyrirspyrjendur.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. málsg. 24. gr. laga nr. 31/1956, um Þjóðskrá og almannaskráningu.

Reykjavík, 2. júlí 1958.

Stjórn Þjóðskrárinnar,

Kl. Tryggvason.

Sig. Sigurðsson.

Guttormur Erlendsson.

Sverrir Þorbjörnsson.

Þormóður Pálsson.

Magnús Björnsson (varamaður).